

Samþykkt fyrir fræðslunefnd

Um verkefni fræðslunefndar

1. gr.

Fræðslunefnd fer með stjórn leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla, að undanskyldum Hallormsstaðaskóla, samkvæmt lögum og reglugerðum um þá í umboði bæjarstjórnar Fljótshálsafræðslunefndar eftir því sem nánar er kveðið á um í þessari samþykkt sem gerð er í samræmi við Samþykkt um stjórn Fljótshálsafræðslunefndar og fundarskýrslu bæjarstjórnar. Orðið skóli vísar hér á eftir til allra áðurgreindra skóla.

2. gr.

Fræðslunefnd gerir tillögu til bæjarstjórnar Fljótshálsafræðslunefndar eftir því sem við á um stefnumörkun, reglur og gjaldskrár á sviði skóla- og forvarnarmála. Nefndin fylgist með því að skólarnir vinni að settum markmiðum, veiti góða þjónustu og starfsemin sé skilvirk og hagkvæm.

3. gr.

Helstu hlutverk fræðslunefndar:

1. hefur eftirlit með að öll börn í Fljótshálsafræðslunefndinni njóti lögboðinnar fræðslu og umönnunar. Í störfum sínum ber fræðslunefnd að vinna að því að allir nemendur hljóti sem besta aðstöðu og jöfnust tækifæri til náms og að skólinn veiti sérhverjum nemanda fræðslu og umönnun eftir aldri sínum og þroska og í samræmi við gildandi aðalnámskrár á hverjum tíma,
2. hefur eftirlit með að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar útbúnaður. Fræðslunefnd, ásamt skólastjórum, lítur eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til bæjarstjórnar Fljótshálsafræðslunefndar um úrbætur,
3. staðfestir áætlun um starfstíma skóla
4. gerir tillögu til bæjarstjórnar Fljótshálsafræðslunefndar um skiptingu sveitarfélagsins í skólahverfi,
5. hefur eftirlit með og stuðlar að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir,
6. hefur eftirlit með skólatengdu starfi sem veitt er í skólunum utan skólatíma
7. hefur eftirlit með skólaakstri nemenda í Fljótshálsafræðslunefndinni,
8. hefur eftirlit með að til séu sem gleggstar upplýsingar um skólamál í Fljótshálsafræðslunefndinni og að íbúarnir hafi aðgang að upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er.
9. setur reglur um úthlutun kennslumagns til skóla
10. hefur eftirlit með fræðsluþætti í starfi vinnuskóla Fljótshálsafræðslunefndar
11. vinnur að virku samstarfi allra skólastiga
12. hefur yfirumsjón með forvarnarstefnu Fljótshálsafræðslunefndar

4. gr.

Fræðslunefnd hefur eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða á sviði fræðslumála, eins og þau eru á hverjum tíma og að því marki sem löggin setja skyldur á herðar sveitarfélaga, m.a.:

- A grunnskólalög nr. 91/2008,
- B lög um leikskóla nr. 90/2008,
- C lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985,
- D reglugerð nr. 907/2005 um eftirlit og leyfisveitingar vegna daggæslu barna í heimahúsum.

5. gr.

Fræðslunefnd starfar í samræmi við eftirfarandi samþykktir bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs:

- A Stefnu Fljótsdalshéraðs 2007 - 2027
- B menntastefnu Fljótsdalshéraðs,
- C jafnréttisstefnu Fljótsdalshéraðs,
- D aðrar samþykktir bæjarstjórnar sem á hverjum tíma tengjast starfsemi nefndarinnar.

6. gr.

Fræðslunefnd getur veitt styrki til verkefna innan málaflokksins. Skulu slíkar styrkveitingar veittar í samræmi við reglur sem fræðslunefnd semur þar um.

Um skipan fræðslunefndar

7. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa í fræðslunefnd til loka kjörtímabils og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann.

8. gr.

Formaður fræðslunefndar stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

9. gr.

Fræðslunefnd heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

10. gr.

Fræðslufulltrúi situr fundi fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt. Auk þeirra eiga eftirtaldir rétt til setu á fræðslunefndarfundum með sömu skilyrðum:

Þegar málefni grunnskóla eru til umræðu:

- A einn fulltrúi skólastjóra grunnskólanna,
- B tveir fulltrúar kosnir úr hópi fastra kennara grunnskóla sveitarfélagsins, sbr. lög um grunnskóla nr. 91/2008
- C einn fulltrúi foreldra, sbr. lög um grunnskóla nr. 91/2008,
- D skólastjóri, eða aðstoðarskólastjóri í forföllum hans, þegar fjallað er um málefni viðkomandi skóla.

Þegar málefni leikskóla eru til umræðu:

- A einn fulltrúi leikskólastjóra,
- B fulltrúi úr hópi starfsmanna leikskólanna,
- C einn fulltrúi tilnefndur af samtökum foreldra barna í leikskólum,
- D leikskólastjóri, eða aðstoðarleikskólastjóri í forföllum hans, þegar fjallað er um málefni viðkomandi skóla.

Þegar málefni tónlistarskóla eru til umræðu:

- A einn fulltrúi skólastjóra
- B fulltrúi kosinn úr hópi fastra kennara
- C skólastjóri, eða aðstoðarskólastjóri í forföllum hans, þegar fjallað er um málefni viðkomandi skóla.

Heimilt er að boða aðra á fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál. Jafnframt skal fræðslunefnd leitast við að verða við beiðnum um fundarsetu annarra embættismanna á

fjölskyldu- og frístundasviði þegar það á við vegna umfjöllunar um verkefni sem tengjast öðrum deildum stjórnarsýslunnar. Bæjarstjóri, forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs hafa alltaf seturétt á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Um yfirstjórn fræðslumála

11. gr.

Bæjarstjóri, í umboði bæjarstjórnar, ræður fræðslufulltrúa og veitir honum lausn frá störfum í samráði við fræðslunefnd. Bæjarstjóri ræður skólastjóra, í samráði við fræðslunefnd og skólastjórar ráða starfsmenn skólanna. Fræðslufulltrúi ræður í önnur störf á sviði fræðslumála í samræmi við heimildir í fjárhagsáætlun.

12. gr.

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til nefndarinnar í samræmi við samþykktan fjárhagsramma bæjarstjórnar fyrir næsta starfsár. Fræðslunefnd gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár vegna málaflokks síns. Tillögur um breytingar á þjónustu eða gjaldskrá skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa samþykki bæjarstjórnar

Fræðslufulltrúi leggur fram í nefndinni tillögu að fjárhagsáætlun málaflokks fræðslunefndar, í samstarfi við fjármálastjóra, sem nefndin skal meta og staðfesta að sé í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.

13. gr.

Formaður fræðslunefndar er í forsvari fyrir fræðslunefnd um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á. Fræðslufulltrúi ber ábyrgð á stjórn og rekstri málaflokksins, þ.m.t. fjármálum, starfsmannamálum og framkvæmd ákvarðana nefndarinnar.

Um fundarsköp fræðslunefndar

14. gr.

Um fundarsköp á fundum fræðslunefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski nefndarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í fræðslunefnd þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Fundir fræðslunefndar eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Fræðslunefnd getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða fræðslunefnd ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Skylt er að vísa máli til úrskurðar bæjarstjórnar ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska eftir því með bókun.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

15. gr.

Um ritun fundargerða fræðslunefndar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr. Samþykktar um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Ritari fræðslunefndar skal færa í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók dagskrá fundar, upphafstíma fundar, fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir fundarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabók í fundarlok.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa

- A fundartíma og fundarstað,
- B nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
- C nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
- D heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- E stutta lýsingu á hverju fundarefni,
- F bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við og
- G í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalastjóra sem sér um að birta fundargerðir á vefsíðu sveitarfélagsins. Fræðslufulltrúi ber ábyrgð á að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í fræðslunefnd, um málalok.

Um hæfi og skyldur fræðslunefndarmanna og annarra fundarmanna

16. gr.

Um hæfi fræðslunefndarmanna gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og Samþykktar um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarskóp bæjarstjórnar.

Um hæfi starfsmanna fræðslunefndar gilda ákvæði II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

17. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi fræðslunefndar nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé fræðslunefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

Málsmeðferðareglur fræðslunefndar

18. gr.

Við meðferð mála hjá fræðslunefnd, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnarsýslumáli, skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Fræðslunefnd skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá nefndinni. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir starfsmönnum fræðslunefndar áður en tekin er ákvörðun enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 50/1996.

Ákvörðun fræðslunefndar skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kærú- og endurupptökuheimild og fresti til að kæra eða endurupptaka mál.

Heimildir til fullnaðarákvarðana

19. gr.

Fræðslunefnd er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði hennar ef

- A lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því, qq
- B þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun og
- C þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

20. gr.

Fræðslunefnd felur fræðslufulltrúa fullnaðarafgreiðslu mála sem hún hefur mótað reglur um og samþykktar hafa verið af bæjarstjórn.

Bæjarstjórn setur reglur um afgreiðslu ofangreindra mála. Mál sem fræðslufulltrúi afgreiðir í umboði fræðslunefndar skulu kynnt fræðslunefnd með skriflegri skýrslu a.m.k. tvisvar á ári eða oftar ef fræðslunefnd óskar.

Endurupptaka máls

21. gr.

Eftir að fræðslunefnd eða starfsmenn hennar hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

Stjórnsýslukæra

22. gr.

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun fræðslunefndar eða starfsmanna hennar til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun nefndarinnar eða starfsmanna hennar, nema lög leiði til annars frests.

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

Gildi samþykktarinnar

23. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu bæjarstjórnar 7. júlí 2010.